



STARFSÁÆTLUN
2024-2025

Efnisyfirlit

Stjórnskipulag skólans	6
<i>Lýsing á stjórnskipulagi skólans, þar á meðal skipuriti</i>	6
<i>Stjórnskipulag Skóla Ísaks Jónssonar 2024-2025</i>	6
<i>Skipurit Skóla Ísaks Jónssonar 2024-2025</i>	6
Starfsfólk skólans	7
<i>Starfslýsingar SÍJ 2024-2025</i>	7
<i>Skólastjóri</i>	7
<i>Verkefnastjóri grunnskólahluta</i>	7
<i>Verkefnastjóri 5 ára deildar</i>	7
<i>Fagstjóri sérkennslu</i>	7
<i>Fagstjóri fjöltyngdra</i>	8
<i>Skrifstofustjóri</i>	8
<i>Kennarar</i>	8
<i>Umsjónakennarar</i>	8
<i>Sérkennarar</i>	8
<i>Þroskaþjálfar</i>	8
<i>Stuðningsfulltrúar</i>	9
<i>Húsvörður</i>	9
<i>Skólaliðar</i>	9
<i>Skólahjúkrunarfræðingur</i>	9
<i>Trúnaðarmenn</i>	9
Skóladagatal	10
<i>Skóladagatal og tengdar upplýsingar</i>	10
<i>Kennsludagar og undirbúningsdagar skólaárið 2024-2025</i>	10
<i>Sundurliðun á skóladögum nemenda</i>	11
Tilhögun kennslu	12
<i>Tafla: Námsgreinar í 5 ára bekk í Skóla Ísaks Jónssonar</i>	12
<i>Tafla: Námsgreinar í 1. bekk í Skóla Ísaks Jónssonar</i>	13
<i>Tafla: Námsgreinar í 2. bekk í Skóla Ísaks Jónssonar</i>	14
<i>Tafla: Námsgreinar í 3. bekk í Skóla Ísaks Jónssonar</i>	15
<i>Tafla: Námsgreinar í 4. bekk í Skóla Ísaks Jónssonar</i>	16
<i>Kennsluhættir og áherslur í Skóla Ísaks Jónssonar</i>	16
Innra mat	17

<i>Viðfangsefni innra mats</i>	17
<i>Innra mat:</i>	17
Starfsáætlun nemenda	17
<i>Stundaskrár:</i>	17
<i>Foreldraviðtöl:</i>	18
<i>Helstu viðburðir skólaársins og vettvangsferðir:</i>	18
Skólaráð, foreldrafélag og nemendafélag	19
<i>Skólaráð</i>	19
<i>Foreldrafélag</i>	19
<i>Nemendafélag</i>	20
<i>Skólareglur</i>	21
<i>Ástundun:</i>	21
<i>Forföll nemenda og leyfisbeiðnir</i>	22
Stoðþjónusta	22
<i>Skólaheilsugæsla</i>	22
<i>Heilsugæsla</i>	22
<i>Farsæld barna</i>	22
<i>Forvarnarteymi</i>	23
<i>Sérkennsla</i>	24
<i>Heildaráætlun um sérstækan stuðning við nemendur með sérþarfir</i>	24
<i>Móttökuáætlun fyrir nemendur með fjölbreyttan tungumála- og menningarbakgrunn</i>	24
<i>Fjöiltyngdir nemendur</i>	24
<i>Áætlanir Skóla Ísaks Jónssonar</i>	25
<i>Eldvarnar- og rýmingaráætlun:</i>	25
<i>Viðbrögð við óveðri:</i>	25
<i>Viðbragðsáætlun Almannavarna:</i>	25
<i>Móttökuáætlun fyrir nemendur af erlendum uppruna:</i>	25
<i>Stefnur Skóla Ísaks Jónssonar</i>	25
<i>Jafnlaunastefna</i>	25
<i>Mannauðsstefna</i>	26
<i>Persónuverndarstefna</i>	26
<i>Umhverfisstefna</i>	26
<i>Læsisstefna</i>	26
Aðrar upplýsingar	26
<i>Opnunartími skólans</i>	26
<i>Opnunartími skrifstofu</i>	26

<i>Frístund Skóla Ísaks Jónssonar</i>	26
<i>Opnunartími frístundar</i>	26
<i>Mötuneyti</i>	26

Starfsáætlun Ísaks Jónssonar fyrir skólaárið 2024 – 2025

Stjórnskipulag skólans

Lýsing á stjórnskipulagi skólans, þar á meðal skipuriti


Stjórnskipulag Skóla Ísaks Jónssonar 2024-2025

Skipulag Skóla Ísaks Jónssonar er byggt upp með það fyrir augum að tryggja samfellu í starfi skólans. Skólastjóri fer með æðstu stjórn skólans og starfar í umboði stjórnar skólans. Hann hefur daglega ábyrgð á rekstri og faglegu starfi skólans. Verkefnastjóri grunnskólahluta og skilgreindur kennari eru staðgenglar hans.

Verkefnastjóri 5 ára deildar er ábyrgur fyrir starfsemi 5 ára deildarinnar og tryggir samfellu í kennslu þar. Fagstjórar bera ábyrgð á sérkennslu og stuðningi við fjöltyngda nemendur, skipuleggja greiningar og kennsluáðferðir fyrir sértækar þarfir nemenda. Skrifstofustjóri tryggir að skrifstofan þjónusti bæði starfsmenn og nemendur skólans, sér um skráningu, forföll og samskipti milli skóla og heimila.

Kennarar gegna lykilhlutverki í kennslu nemenda, ásamt umsjónarkennurum sem hafa sérstaka ábyrgð á námsframvindu og velferð nemenda. Sérkennarar, þroskaþjálfar og stuðningsfulltrúar vinna náið saman til að tryggja sértæka aðstoð við nemendur eftir þörfum. Sjá nánari skilgreiningar í Starfslýsingar SÍJ 2024-2025.

Skipurit Skóla Ísaks Jónssonar 2024-2025



Starfsfólk skólans

Starfslýsingar SÍJ 2024-2025

Skólastjóri

Skólastjóri er forstöðumaður skólans og starfar í umboði stjórnar Skóla Ísaks Jónssonar. Hann stýrir skólahaldi, fjármálum, daglegum rekstri, starfsmannahaldi og samskiptum við foreldra og aðila utan skóla. Skólastjóri hefur forgöngu um skipulag náms og kennslu. Hann stýrir m.a. vinnu við skólanámskrá og annað er hefur með faglegt starf skólans að gera. Skipuleggur og framkvæmir starfsþróunarsamtöl og hefur þekkingu á viðeigandi kjarasamningum og hlutverki vinnuveitanda. Ber ábyrgð á starfsmannagögnum, þ.e. skráningu og viðheldur upplýsingum um starfsmenn. Gætir hagsmuna starfsmanna, bendir starfsmönnum á réttindi sín jafnt og skyldur. Ber ábyrgð á því að boðleiðir innan skólans og upplýsingastreymi séu skilvirk. Undirbýr og skipuleggur nýtt skólaár. Staðgenglar hans eru skilgreindur verkefnastjóri og skilgreindur kennari.

Verkefnastjóri grunnskólahluta

Verkefnastjóri hefur umsjón með og ber ábyrgð á skilgreindum verkefnum í samráði við skólastjóra. Hann heldur utan um skipulag námsmats í „Mentor“ kerfinu og er leiðandi í skipulagi og þróun þess innan skólans, ásamt því að fylgja eftir reglulegum uppfærslum á kerfinu. Hann heldur utan um skráningar í Skólagátt og fylgist með því að kennarar færi niðurstöður lesfímiprófa inn í kerfið. Hann fylgist með nýjungum í skólastarfi, tengdum upplýsingatækni, sækir námskeið, kynningarfundum og aðra fundum sem tengjast starfinu. Hann hefur umsjón með framkvæmd Skólapúlsins og ýmissa kannana á vegum skólans. Hann vinnur m.a. að stefnumörkun á námsmati og skipulagningu á faglegu starfi í samráði við skólastjóra og aðra starfsmenn. Hann heldur einnig utan um teymisvinnu. Hann sér um Bravo Lesson og er kerfisstjóri Bravo lesson og Evolytes. Verkefnastjóri er staðgengill skólastjóra.

Verkefnastjóri 5 ára deildar

Verkefnastjóri 5 ára deildar heldur utan um starfið í 5 ára deild skólans. Hann ber ábyrgð á að samfella sé í starfi 5 ára deildarinnar og fundar reglulega með starfsfólki hennar. Verkefnastjóri í 5 ára deild ber ábyrgð á skólanámskrá 5 ára deildar.

Fagstjóri sérkennslu

Skipuleggur og heldur utan um sérkennslu. Sinnir greiningum og sér um fyrirlögn greiningarprófa. Leiðbeinir stuðningsfulltrúum í starfi og skipuleggur störf þeirra í samráði við umsjónarkennara. Situr og stýrir nemendaverndarráðsfundum. Heldur utan um skila- og samráðsfundi.

Fagstjóri fjöltyngdra

Skipuleggur og heldur utan um sérkennslu fjöltyngdra barna. Sinnir greiningum og sér um fyrirlögn greiningarprófa.

Skrifstofustjóri

Skrifstofustjóri starfar undir stjórn skólustjóra. Skrifstofan þjónar öllum starfsmönnum og nemendum skólans og er tengiliður milli skóla og heimilis. Hann hefur umsjón með að manna þau forföll sem upp koma í samráði við skólustjórnendur og annast forfallaskráningu vegna nemenda í Mentor. Skrifstofustjóri sér til þess að gögn varðandi nemendur séu skráð. Hann tryggir að upplýsingar frá stjórnendum berist örugglega til rétttra aðila. Hann sinnir öllum almennum skrifstofustörfum, hefur umsjón með skrifstofuvörum skólans, móttöku og birgðahaldi. Hann sér um verkstjórn við störf á skrifstofu eftir því sem við á. Skrifstofustjóri er tengiliður við skólaliða og gæslu.

Kennarar

Kennari sem ráðinn er til starfa við skólann skal gegna því starfi samkvæmt lögum, reglugerðum, Aðalnámskrá grunnskóla, erindisbréfi og kjarasamningum. Kennarar starfa eftir erindisbréfi sem sett er samkvæmt 6. gr. laga nr 72/1996 um réttindi og skyldur kennara og skólustjóra grunnskóla. Kennarar gegna lykilhlutverki í skólastarfinu. Á þeim hvílir ekki aðeins sú skylda að miðla þekkingu til nemenda heldur einnig að veita nemendum tækifæri til að afla sér þekkingar og leikni, örva starfsgleði þeirra og frjóa hugsun.

Umsjónakennarar

Umsjónakennarar fylgjast öðrum fremur með námi og þroska allra nemenda sem þeir hafa umsjón með. Í þessu felst m.a. að leiðbeina nemendum í námi og mati á því. Umsjónakennarar eiga að hlutast til um andlega og líkamlega velferð nemenda sinna og hafa samvinnu við foreldra og forráðamenn eftir þörfum.

Sérkennarar

Kenna og bera ábyrgð á ákveðnum einstaklingum/nemendahópum sem þurfa á sértækri kennslu að halda. Vinna með umsjónarkennurum, víða að sér upplýsingum frá þeim og miðla til þeirra um þeirra nemendur.

Þroskaþjálfar

Þroskaþjálfar eru í samstarfi við alla starfsmenn skólans eftir því sem við á. Yfirmaður þroskaþjálfara er skólustjóri en dagleg verkstjórn er í höndum sérkennslustjóra. Þroskaþjálfar vinna að einstaklingsáætlunum í samráði við sérkennsluteymi, kennara og aðra fagaðila eftir

Því sem við á. Þeir gera færni- og þroskamát og koma að námsmáti nemenda. Þeir skipuleggja þjálfunaraðstæður, velja/útbúa þjálfunar- og námsgögn, fylgja eftir settum markmiðum, meta árangur og endurskoða markmið í samstarfi við samstarfsaðila. Þeir sitja skila- og samráðsfundi með foreldrum og öðrum eftir því sem við á hverju sinni.

Stuðningsfulltrúar

Stuðningsfulltrúi er kennara til aðstoðar við að sinna einum eða fleiri nemendum sem þurfa sérstaka aðstoð. Starfið miðar fyrst og fremst að því að auka færni og sjálfstæði þessara nemenda, bæði félagslega og námslega, ásamt því að hjálpa þeim við daglegar athafnir. Stuðningsfulltrúar vinna í samræmi við þá kennsluáætlun sem hefur verið lögð fyrir nemandann, með það að markmiði að draga smám saman úr stuðningsþörf þegar það er hægt.

Húsvörður

Húsvörður sér um að húsnaði og allur búnaður skólans, ásamt lóð, sé ávallt í fullnægjandi ástandi og aðgengilegt fyrir starfsfólk og nemendur. Hann ber ábyrgð á opnun skólahúsnaðis að morgni og frágangi í lok skóladags. Hann sér um almennt viðhald á húsnaðinu og umhverfi þess, og annast viðgerðir eftir þörfum.

Skólaliðar

Skólaliðar aðstoða nemendur í daglegum samskiptum, bæði í námi og frímínútum. Þeir leiðbeina nemendum í samskiptum við aðra nemendur og starfsfólk skólans. Skólaliðar sjá um umsjón með nemendum í frímínútum, hvort sem er inni eða úti. Þeir sinna einnig öðrum störfum eins og ganga- og salernisvörslu, auk þess að aðstoða í eldhúsi skólans þegar þess er þörf.

Skólahjúkrunarfræðingur

Skólahjúkrunarfræðingur sinnir heilsuvernd nemenda og veitir reglulega heilbrigðisfræðslu um mikilvægi heilbrigðra lífshátta, ábyrgð á eigin heilsu og þekkingu á eigin líkama. Skólahjúkrunarfræðingur vinnur einnig með foreldrum, kennurum og öðru fagfólki í skólanum til að stuðla að vellíðan nemenda, bæði andlega og líkamlega.

Trúnaðarmenn

Trúnaðarmenn eru fulltrúar starfsmanna og tengiliðir milli starfsmanna og stéttarféлага. Þeir tryggja að kjarasamningar séu virtir á vinnustaðnum og að réttindi starfsmanna séu virt. Trúnaðarmenn veita starfsmönnum ráðgjöf um réttindi þeirra og skyldur og sinna samskiptum við stjórnendur ef upp koma mál sem tengjast réttindum starfsmanna.

Trúnaðarmaður kennara er: Sóley Elíadóttir.

Trúnaðarmaður starfsmanna Eflingar er: Móeiður Kristjánsdóttir
Trúnaðarmaður annars starfsfólks er: Fanney Hanna Valgarðsdóttir.

Sjá starfsfólk skólans [hér](#).

Skóladagatal

Skóladagatal og tengdar upplýsingar

Kennsludagar og undirbúningsdagar skólaárið 2024-2025

Fylgiblað með skóladagatali:

Mánuður	Skóladagar nemenda	Undirb.d. kennara á starfstíma	Undirb.d. kennara fyrir og eftir skólabyrjun
Ágúst	8	0	5
September	21	0	0
Október	19	1	0
Nóvember	20	1	0
Desember	15	0	0
Janúar	20	1	0
Febrúar	18	0	0
Mars	20	1	0
Apríl	15	0	0
Mái	18	1	0
Júní	6	0	3
Samtals	180	5	8

Ath.: Skóladagar nemenda eiga að vera 180.

Undirbúningsdagar kennara á starfstíma skóla eiga að vera 5. Heimilt er að fella þá að hluta eða öllu leyti inn í vikulegt vinnuskipulag, og lengist þá vikuleg vinnuskylda sem því nemur (gr. 2.1.5.2).

Undirbúningsdagar kennara utan starfstíma skóla eiga að vera 8 (gr. 2.1.5.2).

(Endurmenntunar- og undirbúningsd. kennara (gr. 2.1.6.1 í kjarasamningi) eru utan ofangreindra daga.)

Sundurliðun á skóladögum nemenda

Bekkur	Kennsludagar	Prófdagar*	Skólasetn./skólaslit	Aðrir skóladagar**	Samtals
0.	175	0	2	3	180
1.	175	0	2	3	180
2.	175	0	2	3	180
3.	175	0	2	3	180
4.	175	0	2	3	180
Alls	700	0	8	12	720

* Þegar nemendur fara heim að loknum prófum og fá því ekki fullan skóladag.

** Skýring á öðrum skóladögum:

- Skólasetning 22. ágúst 2024
- Foreldradagar 10. október 2024 og 11. febrúar 2025
- Jólatrésskemmtanir 20. desember 2024
- Skólaslit 6. júní 2025
- Nánari upplýsingar má finna **hér**.

Tilhögun kennslu

Tafla: Námsgreinar í 5 ára bekk í Skóla Ísaks Jónssonar

Námsgrein	Námsgögn	Lykilhæfni	Kennsluaðferðir	Námsmat
Íslenska	Bækur, ljóð, leir, stafaspjöld	Málkilningur, orðaforði, hljóðavitund	Hljóðsögur, stafainnlögn, leir	Hæfniviðmið metin reglulega, Hljóm-2 próf
Stærðfræði	Kubbar, tölustafabók	Talnaskilningur, formkilningur	Verkefnavinna, töluleikir, talningaræfingar	Reglubundin endurgjöf og verkefnamat
Tónmennt	Söngtextar, ásláttahljóðfæri	Taktur, tónlistarskilningur, tjáning	Söngur, hreyfileikir, spil á hljóðfæri	Verkefnamat, þátttaka
Íþróttir	Íþróttaföt, áhöld	Hreyfiþroski, jafnvægi, samvinna	Hreyfileikir, hópleikir	Reglubundin þátttaka metin, mælingar á hreyfiþroska
Heimilisfræði	Áhöld, uppskriftir	Færni í eldamennsku, hreinlæti, hollusta	Bakstur, eldamennska, vinnubrögð	Verkefnamat, þátttaka
Átthagafraði	Bækur, námsefni tengt náttúru	Skynfæri, umhverfisvitund	Vettvangsferðir, rannsóknarverkefni	Verkefnamat, þátttaka
Sköpun	Leir, liti, pappír	Sköpunargleði, fínhreyfingar, tjáning	Mótun úr leir, föndur, málun	Verkefnamat, sýningar á verkum
Lífsleikni	Bókin um Tíslu, Hugarfrelsi	Sjálfsmynd, vinátta, samskiptahæfni	Umræður, hlutverkaleikir	Endurgjöf byggð á þátttöku og hegðun

Tafla: Námsgreinar í 1. bekk í Skóla Ísaks Jónssonar

Námsgrein	Tími (klst/vika)	Námsgögn	Lykilhæfni	Kennsluaðferðir	Námsmat
Íslenska	7	Lestrarlandið, bókstafir, ritunarefni	Tjáning, hlustun, málskilningur, orðaforði, ritun, lestur	Hljóðaaðferð, hlutverkaleikir, samræður, lestrarverkefni	Lesfímipróf, stafakönnun, lesferill, fjölbreytt verkefni og próf
Stærðfræði	6	Stærðfræðibækur: Sproti 1b og 2a, Evolytes	Grunnhugtök, talnaskilningur, rökhugsun, rúmfræði, mælingar, algebra, tölfræði	Hlutbundin vinna, leikir, þrautir, spil, dagleg tenging	Hæfniviðmið metin þrisvar sinnum yfir árið, fjölbreytt verkefni, próf
Náttúrugreinar	2	Náttúrufræðiefni, tilraunabúnaður	Þekking á náttúrunni, rannsóknarhæfni, ályktunaræfni	Verklegar tilraunir, vettvangsferðir, umræðuverkefni	Verkefnamat, verkleg próf, sjálfsmat
Samfélagsgreinar	3	Fræðibækur, heimildir, sögulegt námsefni	Þekking á samfélagi, menningu, siðum, ábyrgð og gagnrýnin hugsun	Söguvinnsla, hlutverkaleikir, verkefnamiðuð nálgun	Kynningar, munnlegt mat, verkefni
Íþróttir	2	Íþróttaföt, áhöld	Líkamsþreyfing, samvinna, sjálfsagi, heilbrigði	Leikfimi, hópleikir, einstaklingsverkefni	Mælingar, ástundun, þátttaka
Tónmennt	1,5	Hljóðfæri, söngtextar, ásláttahljóðfæri	Þekking á tónlistarhugtökum, tónhæð, takt og tónstyrk, þekking á hljóðfærafjölskyldum	Söngur, spil á skólahljóðfæri, ásláttahljóðfæri, virkir tónlistarleikir	Hæfniviðmið metin þrisvar á ári, fjölbreytt verkefni, þátttaka
Sjónlist	1	Litir, pappír, penslar	Skapandi hugsun, listfærni, sjálfstæði og samvinna	Málun, teikning, þrívíddargerð	Verkefnamat, sýning á verkum, sjálfsmat
Textílmenn	1	Saumaáhöld, efni, garn	Skapandi vinnubrögð, fínhyringar, sköpun	Saumavinna, þrjón, verkefnatengd vinnubrögð	Verkefnamat, sýning á verkum, þátttaka
Enska	1	Orðaspjöld, einföld lesefni	Grunnatriði tungumáls, tjáning, skilningur	Leikir, málnotkun, samskipti	Munnlegt mat, skrifleg verkefni, þátttaka
Spænska	1	Orðaspjöld, einföld lesefni	Grunnatriði tungumáls, tjáning, skilningur	Leikir, málnotkun, samskipti	Munnlegt mat, skrifleg verkefni, þátttaka
Upplýsingatækni	1	Tölvur, hugbúnaður, námsefni í upplýsingatækni	Nýting miðla, tæknileg færni, skapandi notkun	Verkefnavinna, stafrænt læsi, ritun á tölvu	Verkefnamat, þátttaka, sjálfstætt verkefni
Uppbrot	0,35	Ýmis verkefni	Fjölbreytni, samþætting, sköpun, áhugasvið	Samþætt verkefni, hópvinna, einstaklingsverkefni	Verkefnamat, þátttaka, munnleg kynning
Sund	1	Sundföt, sundhettur, hjálpartæki (flotvesti, flothringir)	Líkamsvitund, leikni, afkastageta, vatnsöryggi	Aðlagðar kennsluaðferðir eftir getu nemenda; flot, sundtök, bringusundsfótatök	Hæfniviðmið metin með prófum einu sinni að vetri; mati birt á Mentor
Heimilisfræði	1	Uppskriftir, áhöld	Matur, hollusta, vinnubrögð í eldhúsi	Bakstur, eldamennska, vinnubrögð	Verkefnamat, þátttaka, einkunn eftir hverja kennslustund

Heildartímar á viku: 30,35 kennslustundir.

Tafla: Námsgreinar í 2. bekk í Skóla Ísaks Jónssonar

Námsgrein	Tími (klst/vika)	Námsgögn	Lykilhæfni	Kennsluáðferðir	Námamat
Íslenska	7	Lestrarbækur, ritunarefni, málfræðiverkefni	Málskilningur, tjáning, lesfimi, ritun, bókmenntir	Lestrarverkefni, hlutverkaleikir, samræður	Lesfimipróf, lesskimun, fjölbreytt verkefni og próf
Stærðfræði	6	Sproti 2a, Sproti 2b, Evolytes	Talnaskilningur, rúmfræði, reikningur, algebra	Leikir, þrautir, hlutbundin vinna, æfingahefti	Hæfniviðmið metin þrisvar sinnum á skólaárinu, verkefnamat og próf
Náttúrugreinar	2	Fræðibækur, tilraunabúnaður	Rannsóknarhæfni, umhverfismeðvitund, vísindaleg nálgun	Tilraunir, vettvangsferðir, umræðuverkefni	Verkefnamat, próf, sjálfsmat
Samfélagsgreinar	3	Fræðibækur, heimildir, sögulegt námsefni	Þekking á samfélagi, menningu, siðum, ábyrgð	Söguvinnsla, hlutverkaleikir, verkefnaþúð nálgun	Verkefnamat, kynningar, hópverkefni
Íþróttir	2	Íþróttaföt, áhöld	Líkamsþreyfing, samvinna, sjálfsagi, heilbrigði	Leikfimi, hópverkefni, samhæfingaræfingar	Mælingar, virkni, þáttaka
Tónmennt	1,5	Hljóðfæri, söngtextar, ásláttahljóðfæri	Tónlistarhæfni, hljóðskynjun, hljóðfærafjölskyldur	Söngur, spil á hljóðfæri, tónlistarhugtök	Verkefnamat, þáttaka, munnleg próf
Sjónlist	1	Litir, pappír, penslar	Skapandi hugsun, fínreyfingar, sjálfstæði	Málun, teikning, þrívíddargerð	Verkefnamat, sýning, þáttaka
Textílmennt	1	Saumaáhöld, efni, gam	Grunnfærni í textílvinnslu, fínreyfingar, sköpun	Saumavinna, þrjón, fingraprjón, vefnaður	Verkefnamat, þáttaka, sýning
Enska	1	Orðaspjöld, einföld lesefni	Tjáning, málnotkun, skilningur	Leikir, samtalsæfingar, söngur	Verkefnamat, þáttaka, munnleg og skrifleg verkefni
Spænska	1	Orðaspjöld, einföld lesefni	Tjáning, málnotkun, skilningur	Leikir, samtalsæfingar, söngur	Verkefnamat, þáttaka, munnleg og skrifleg verkefni
Upplýsingatækni	1	Tölvur, hugbúnaður, ritvinnsluforrit	Tæknilæsi, tölvunotkun, ritunarfærni	Verkefnavinna í tölvu, teikniforrit, ritvinnsla	Verkefnamat, þáttaka, ástundun
Uppbrot	0,35	Ýmis verkefni	Fjölbreytni, samþætting, sköpun, áhugasvið	Samþætt verkefni, hópvinna, einstaklingsverkefni	Verkefnamat, þáttaka, kynningar
Sund	1	Sundföt, hjálpartæki	Líkamsvitund, sundtækni, vatnsöryggi	Flot, sundtök, bringusund, skólabaksund	Prófum einu sinni að vetri, mat birt á Mentor
Heimilisfræði	1	Uppskriftir, áhöld	Matur, hollusta, vinnubrögð í eldhúsi	Bakstur, eldamennska, vinnubrögð	Verkefnamat, þáttaka, einkunn eftir hverja kennslustund

Heildartímar á viku: 30,35 kennslustundir.

Tafla: Námsgreinar í 3. bekk í Skóla Ísaks Jónssonar

Námsgrein	Tími (klst/vika)	Námsgögn	Lykilhæfni	Kennsluáðferðir	Námsmat
Íslenska	7	Lestrarbækur, ritunarefni, málfræðiverkefni	Málskilningur, tjáning, lesfimi, ritun, bókmenntir	Lestrarverkefni, hlutverkaleikir, samræður	Lesfimiþróf, Aston Index, Orðarún, fjölbreytt verkefni og próf
Stærðfræði	6	Sproti 3a, Sproti 3b, Evolytes	Talnaskilningur, rúmfræði, reikningur, algebra	Leikir, þrautir, hlutbundin vinna, æfingahefti	Hæfniviðmið metin þrisvar sinnum á skólaárinu, verkefnamat og próf
Náttúrugreinar	2	Fræðibækur, tilraunabúnaður	Rannsóknarhæfni, umhverfismeðvitund, vísindaleg nálgun	Tilraunir, vettvangsferðir, umræðuverkefni	Verkefnamat, próf, sjálfsmat
Samfélagsgreinar	3	Fræðibækur, heimildir, sögulegt námsefni	Þekking á samfélagi, menningu, siðum, ábyrgð	Söguvinnsla, hlutverkaleikir, verkefnaþúð nálgun	Verkefnamat, kynningar, hópverkefni
Íþróttir	2	Íþróttaföt, áhöld	Líkamshreyfing, samvinna, sjálfsagi, heilbrigði	Leikfimi, hópverkefni, samhæfingaræfingar	Mælingar, virkni, þáttaka
Tónmennt	1,5	Hljóðfæri, söngtextar, ásláttahljóðfæri	Tónlistarhæfni, hljóðskynjun, hljóðfærafjölskyldur	Söngur, spil á hljóðfæri, tónlistarhugtök	Verkefnamat, þáttaka, munnleg próf
Sjónlist	1	Litir, pappír, penslar	Skapandi hugsun, fínreyfingar, sjálfstæði	Málun, teikning, þrívíddargerð	Verkefnamat, sýning, þáttaka
Textílmenn	1	Saumaáhöld, efni, gam	Grunnfærni í textílvinnslu, fínreyfingar, sköpun	Saumavinna, þrjón, fingraprjón, vefnaður	Verkefnamat, þáttaka, sýning
Enska	1	Orðaspjöld, einföld lesefni	Tjáning, málnotkun, skilningur	Leikir, samtalsæfingar, söngur	Verkefnamat, þáttaka, munnleg og skrifleg verkefni
Spænska	1	Orðaspjöld, einföld lesefni	Tjáning, málnotkun, skilningur	Leikir, samtalsæfingar, söngur	Verkefnamat, þáttaka, munnleg og skrifleg verkefni
Upplýsingatækni	1	Tölvur, hugbúnaður, ritvinnsluforrit	Tæknilæsi, tölvunotkun, ritunarfærni	Verkefnavinna í tölvu, teikniforrit, ritvinnsla	Verkefnamat, þáttaka, ástundun
Uppbrot	0,35	Ýmis verkefni	Fjölbreytni, samþætting, sköpun, áhugasvið	Samþætt verkefni, hópvinna, einstaklingsverkefni	Verkefnamat, þáttaka, kynningar
Sund	1	Sundföt, hjálpartæki	Líkamsvitund, sundtækni, vatnsöryggi	Flot, sundtök, bringusund, skólabaksund	Prófum einu sinni að vetri, mat birt á Mentor
Heimilisfræði	1	Uppskriftir, áhöld	Matur, hollusta, vinnubrögð í eldhúsi	Bakstur, eldamennska, vinnubrögð	Verkefnamat, þáttaka, einkunn eftir hverja kennslustund

Heildartímar á viku: 30,35 kennslustundir.

Tafla: Námsgreinar í 4. bekk í Skóla Ísaks Jónssonar

Námsgrein	Tími (klst/vika)	Námsgögn	Lykilhæfni	Kennsluaðferðir	Námamat
Íslenska	7	Lestrarbækur, ritunarefni, málfræðiverkefni	Lesfimi, lesskilningur, ritun, málfræði, tjáning	Lestrarverkefni, ritun, hlutverkaleikir, samræður	Lesfimiþróf, Aston Index, fjölbreytt verkefni og próf
Stærðfræði	6	Sproti 4a og 4b, æfingahefti, Evolytes	Talnaskilningur, rúmfræði, reikningur, algebra	Leikir, þrautir, hlutbundin vinna	Hæfniviðmið metin þrisvar sinnum á skólaárinu, verkefnamat og próf
Náttúrugreinar	2	Fræðibækur, tilraunabúnaður	Rannsóknarhæfni, umhverfismeðvitund, vísindaleg nálgun	Tilraunir, vettvangsferðir, umræðuverkefni	Verkefnamat, próf, sjálfsmat
Samfélagsgreinar	3	Fræðibækur, heimildir, sögulegt námsefni	Þekking á samfélagi, menningu, siðum, ábyrgð	Söguvinnsla, hlutverkaleikir, verkefnaþúð nálgun	Verkefnamat, kynningar, hópverkefni
Íþróttir	2	Íþróttaföt, áhöld	Líkamsþynging, samvinna, sjálfsagi, heilbrigði	Leikfimi, hópverkefni, samhæfingaræfingar	Mælingar, virkni, þátttaka
Tónmennt	1	Hljóðfæri, söngtextar	Tónlistarhæfni, hljóðskynjun, hljóðfærafjölskyldur	Söngur, spil á hljóðfæri, tónlistarhugtök	Verkefnamat, þátttaka, munnleg próf
Sjónlist	1	Litir, pappír, penslar	Skapandi hugsun, fínreyfingar, sjálfstæði	Málun, teikning, þrívíddargerð	Verkefnamat, sýning, þátttaka
Textílmennt	1	Saumaáhöld, efni, garn	Grunnfærni í textílvinnslu, fínreyfingar, sköpun	Saumavinna, þrjón, fingraprjón, vefnaður	Verkefnamat, þátttaka, sýning
Enska	1	Orðaspjöld, einfalt lesefni	Tjáning, málnotkun, skilningur	Leikir, samtalsæfingar, söngur	Verkefnamat, þátttaka, munnleg og skrifleg verkefni
Spænska	1	Orðaspjöld, einfalt lesefni	Tjáning, málnotkun, skilningur	Leikir, samtalsæfingar, söngur	Verkefnamat, þátttaka, munnleg og skrifleg verkefni
Sund	1	Sundföt, hjálpartæki	Líkamsvitund, sundtækni, vatnsöryggi	Flot, sundtök, bringusund, skólabaksund	Próf einu sinni að vetri, mat birt á Mentor
Heimilisfræði	1	Uppskriftir, áhöld	Matur, hollusta, vinnubrögð í eldhúsi	Bakstur, eldamennska, vinnubrögð	Verkefnamat, þátttaka, einkunn eftir hvern tíma

Heildartímar á viku: 30,35 kennslustundir.

Kennsluhættir og áherslur í Skóla Ísaks Jónssonar

Í Skóla Ísaks Jónssonar er lögð áhersla á að sameina traustar kennsluaðferðir við nýjungar sem rannsóknir styðja og hafa sannað gildi sitt fyrir nemendur. Við erum íhaldssöm þegar kemur að grunnþáttum kennslu, en einnig nýjungargjörn og opin fyrir þeim aðferðum sem raunverulega nýtast til að bæta námsárangur og vellíðan nemenda.

Við viljum tryggja að fjölbreyttir kennsluhættir spegli breiðan nemendahóp. Þar af leiðandi er ekki einblínt á eina aðferð heldur notum við blöndu af mismunandi matsaðferðum til að mæta ólíkum þörfum nemenda og greina framfarir þeirra á sem bestan hátt. Þetta námsmat tekur mið af hæfniviðmiðum úr aðalnámskrá grunnskóla, en við styðjumst einnig við áherslur sem Reykjavíkurborg setur fram í menntastefnu sinni, sem snúa að vellíðan og virkri þátttöku nemenda.

Markmiðið er að skapa námsumhverfi sem er bæði krefjandi og hvetjandi, þar sem nemendur fá tækifæri til að vaxa og þroskast á eigin hraða. Aðferðir okkar, sem eru alla jafna í takti við rannsóknir, stuðla að árangursríku námi og almennt aukinni vellíðan nemenda í skólastarfinu.

Innra mat

Viðfangsefni innra mats

Skóli Ísaks Jónssonar leggur áherslu á innra mat til að tryggja stöðugar umbætur og gæði í skólastarfi. Innra matið byggist á reglulegum viðhorfskönnunum og greiningum sem miða að því að styðja við markmið og stefnu skólans.

Innra mat:

1. **Foreldra- og nemendakannanir:** Skólinn framkvæmir reglulegar kannanir á viðhorfum foreldra og nemenda til að meta námsframvindu, líðan og samskipti innan skólasamfélagsins. Niðurstöðurnar eru nýttar til að bæta námsumhverfi og stuðla að betri líðan allra nemenda.
2. **Starfsmannakannanir:** Skólinn greinir reglulega upplifun starfsmanna af vinnuumhverfi, samskiptum og faglegri þróun. Markmiðið er að styðja við starfsþróun og bæta starfsánægju.
3. **Skólapúlsinn og aðrar kannanir:** Skólinn notar Skólapúlsinn til að meta líðan nemenda, starfsumhverfi og kennsluhætti. Skóla- og frístundasvið Reykjavíkur metur jafnframt alla grunnskóla á höfuðborgarsvæðinu með Skólapúlsinum og öðrum matsaðferðum, sem gerir skólum kleift að bera saman niðurstöður sínar við aðra skóla í borginni.
4. **Umbótaáætlun:** Innra mats teymið vinnur markvisst að umbótaáætlunum sem byggja á niðurstöðum kannana og greininga. Skólinn setur fram skýr markmið og aðgerðir til að bæta kennsluhætti, styrkja námsumhverfið og stuðla að heildrænni þroska nemenda.

Innra mats teymi skólans er skipað skólastjóra, verkefnastjóra grunnskólahluta og skrifstofustjóra, og ber það ábyrgð á framkvæmd og úrvinnslu innra matsins. Hægt er að skoða umbótaáætlun skólans nánar **hér**.

.

Starfsáætlun nemenda

Stundaskrár:

Stundaskrár nemenda eru aðgengilegar í Mentor, þar sem upplýsingar um kennslutíma og frímínútur er að finna.

Foreldraviðtöl:

Foreldraviðtöl eru haldin tvisvar sinnum á skólaárinu. Þetta eru mikilvægar stundir þar sem kennarar og foreldrar geta rætt um námsframvindu nemenda, líðan þeirra og mögulegar leiðir til að styðja betur við nám og þroska.

Helstu viðburðir skólaársins og vettvangsferðir:

- **Ólympíuhlaup ÍSÍ:** Árlegur viðburður þar sem nemendur hlaupa og fá epli í verðlaun fyrir þátttökuna. Hlaupið er fastur liður í skólastarfinu og skapar skemmtilega stemningu meðal nemenda og starfsfólks.
- **Söngur í sal:** Á föstudögum hittast nemendur og starfsfólk í salnum, þar sem nemendur syngja valin lög af söngdagskrá. Þetta er falleg hefð sem hefur yljað þeim sem hlýða um hjartarætur og stuðlar að góðri samveru.
- **Vorferðir og fjallgöngur:** Nemendur fara í árlegar vorferðir, þar sem áhersla er lögð á útivist og samveru. Einnig er stefnt að því að fara í fjallgöngu einu sinni á ári.
- **Leikjadagur á Klambratúni:** Í maí skipuleggja íþróttakennarar skólans leikjadag þar sem nemendur taka þátt í leikjum og þrautum á Klambratúni. Þetta er líflegur og skemmtilegur dagur sem allir hlakka til.
- **Skáld í heimsókn:** Á hverju ári fá nemendur tækifæri til að hitta skáld sem koma í heimsókn og lesa fyrir þá.
- **Aðventuheimsókn í Háteigskirkju:** Árleg samverustund þar sem áhersla er lögð á kærleika án trúarbragða og fallegan söng nemenda og barnakórs Skóla Ísaks Jónssonar. Þessi hefð hefur mikla merkingu fyrir nemendur og starfsmenn skólans og styrkir samkennd.
- **Öskudagsskemmtun:** Nemendur og kennarar ásamt foreldrafélagi skólans mæta í búningum og taka þátt í skemmtilegum viðburðum, sjá sýningu í boði foreldrafélagsins og fá svo að slá köttinn úr tunnunni.
- **Samstarf við Listaháskólann:** Nemendur í 3. bekk vinna eina viku með 2. árs nemendum við Listaháskóla Íslands. Aðaláherslan er á að semja lag og texta sem er flutt fyrir aðstandendur og aðra nemendur skólans.
- **Heimsóknir frá Slökkviliði höfuðborgarsvæðisins:** Slökkviliðið kemur í árlega heimsókn til að fræða nemendur um öryggismál og efla vitund þeirra um mikilvægi brunavarna.

Skóli Ísaks Jónssonar leggur áherslu á fjölbreytta viðburði og hefðir sem stuðla að jákvæðri upplifun og skapa samstöðu innan skólans. Með þessum viðburðum og ferðum stuðlum við að jákvæðum samskiptum, virkni og gleði meðal nemenda og starfsfólks.

Skólaráð, foreldrafélag og nemendafélag

Skólaráð

Skólaráð Skóla Ísaks Jónssonar starfar samkvæmt 8. gr. grunnskólalaga nr. 91/2008 og reglugerð 1157/2008. Skólaráðið er samráðsvettvangur skólastjóra og skólasamfélags um skólahald og tekur þátt í stefnumörkun skólans, mótun sérkenna hans og fjallar um áætlanir um skólastarfið, svo sem skólanámskrá, rekstraráætlun og starfsáætlun. Skólaráð er skipað níu fulltrúum sem samanstanda af skólastjóra, kennurum, starfsfólki, nemendum, foreldrum og fulltrúa grenndarsamfélagsins. Skólaráð fundar að jafnaði 6-8 sinnum yfir skólaárið.

Helstu verkefni skólaráðs fyrir skólaárið eru:

- Kynning á ýmsum áætlunum skólans, svo sem starfsáætlun og rekstraráætlun.
- Þátttaka í mati á skólastarfinu og skoðun á gögnum sem varða matið.
- Skoðun á erindum sem berast ráðinu.
- Umfjöllun um heimasíðu skólans og tengsl skólans við grenndarsamfélagið.
- Þátttaka í öðrum verkefnum sem upp koma á skólaárinu.

Frekari upplýsingar um skólaráð, fundargerðir og hverjir sitja í ráðinu má finna á vefsíðu Skóla Ísaks Jónssonar [hér](#).

Foreldrafélag

Foreldrafélag Skóla Ísaks Jónssonar

Foreldrafélag Skóla Ísaks Jónssonar er samstarfsvettvangur allra foreldra og forráðamanna nemenda skólans. Félagið hefur það að markmiði að efla samstarf milli foreldra og starfsfólks skólans og að stuðla að góðum uppeldis- og menntunarskilyrðum fyrir nemendur.

Markmið foreldrafélagsins eru:

- Að efla og tryggja gott samstarf foreldra og starfsfólks skólans.
- Að styðja heimili og skóla við að skapa nemendum jákvæð skilyrði til náms og þroska.
- Að koma á framfæri sjónarmiðum foreldra varðandi skóla- og uppeldismál.
- Að standa vörð um réttindi barna til mennta og aukins þroska.

Helstu verkefni foreldrafélagsins eru:

- Að stuðla að auknum kynnum barna, foreldra og starfsmanna skólans.
- Að koma með tillögur og frumkvæði að endurbótum og þróunarstarfi í samvinnu við skólayfirvöld.
- Að skipuleggja fjölbreytta viðburði fyrir nemendur og foreldra, svo sem haustfagnað, jólastund í Árbæjarsafni, öskudagsskemmtun og páskabingó.
- Að halda umræðu- og fræðslufundi um uppeldis- og skólamál.

Bekkjarfulltrúar eru í hverri bekkjardeild til að stuðla að auknu samstarfi foreldra og nemenda og treysta samband heimilis og skóla. Nánari upplýsingar um bekkjarfulltrúa má finna **hér**.

Nánari upplýsingar:

- Sjá: Lög foreldrafélags Skóla Ísaks Jónssonar
- Sjá: Stjórn foreldrafélags Skóla Ísaks Jónssonar

Nemendafélag

Nemendafélag Skóla Ísaks Jónssonar – Lýðræðisleg þátttaka fyrir yngsta stig

Við Skóla Ísaks Jónssonar leggjum mikla áherslu á að nemendafélagið verði vettvangur fyrir lýðræðislega þátttöku allra nemenda okkar.. Nemendafélagið er sérstaklega hugsað úr frá nemendum á yngsta stigi skólans og tekur mið af aldri og þroska þeirra. Þannig tryggjum við að allir hafi rödd og tækifæri til að móta eigið náms- og félagsumhverfi á skýran og viðurkenndan hátt. Kennarar í nemendafélagi skólans hittast fjórum sinnum á skólaárinu með nemendum í skólaráði til að skapa öruggt og hvetjandi umhverfi þar sem allir geta tjáð sínar hugmyndir og skoðanir. Nemendafélagið heldur einnig sameiginlega viðburði með öðrum nemendum skólans sem styrkir tengslin og eykur samstarfið innan skólasamfélagsins.

Umræður byggðar á lýðræði og ákvörðunartaka

Í nemendafélaginu ræða nemendur málefni sem varða daglegt líf þeirra í skólanum, eins og skólalóðina, námsumhverfi og þjónustu. Þátttaka í þessum umræðum kennir nemendum að koma á framfæri eigin hugmyndum og taka ábyrgð á skólasamfélaginu.

Leiðbeinandi kennarar

Kennarar leiðbeina nemendum í lýðræðislegri vinnu, skipuleggja fundi og tryggja að allar raddir heyrast. Með þessum stuðningi læra nemendur að tjá sig, hlusta á aðra og taka virkan þátt í ákvarðanatöku.

Markmið og ávinningur

Markmið nemendafélagsins er að:

Þróa lýðræðisfærni: Nemendur læra að tjá skoðanir sínar og hlusta á aðra. Auka þátttöku: Nemendur taka þátt í að móta eigið náms- og félagsumhverfi. Byggja fyrirmyndir: Nemendur sýna ábyrgð, virðingu og samstarfsvilja.

Framtíðarsýn

Við trúum því að með þessari nálgun geti jafnvel yngstu nemendurnir haft mikil áhrif á skólagöngu sína.. Nemendafélagið okkar er ekki aðeins vettvangur fyrir samskipti og skemmtun, heldur einnig fyrir persónulegan vöxt og þróun leiðtogahæfileika nemenda okkar.

Með samvinnu og lýðræðislegri þátttöku byggjum við upp sterkt og samheldið skólasamfélag.

Um Barnasáttmálann

Nemendafélagið vinnur í samræmi við Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna til að tryggja að allir nemendur njóti réttar til þátttöku, verndar og stuðnings. Þetta felur í sér að tryggja að nemendur fái að tjá sig, njóti jafnréttis og að allar ákvarðanir séu teknar með hagsmuni barnsins í huga.

Nemendafing – Að heyra allar raddir

Við stefnum að því að halda nemendafing þar sem allar raddir fá að heyrast. Nemendafing eru skipulögð til að tryggja að allir nemendur geti tjáð sínar hugmyndir og áhyggjur á barnvænu og skiljanlegu máli.

Skólareglur

Skólareglur Skóla Ísaks Jónssonar leggja áherslu á virðingu, stundvísi og kurteisi. Nemendur eiga að fylgja leiðbeiningum kennara og sýna góð samskipti við alla í skólanum. Brotum á reglum fylgja viðurlög sem taka mið af aldri nemenda og eru stigskipt:

- Stig 1: Nemandi fær leiðbeiningar og á samtali við kennara til að bæta hegðun.
- Stig 2: Kennari boðar fund með nemanda og foreldrum til að skoða lausnir og stuðning.
- Stig 3: Fundur með skólastjóra, foreldrum og kennara. Gerð er áætlun um úrbætur.

Tengill á skólareglur

Ástundun:

Skrifstofustjóri sendir ástundunarskýrslu úr Mentor til forráðamanna einu sinni í viku. Foreldrar eru hvattir til að fylgjast með skólasókn barna sinna og tilkynna veikindi eða aðrar fjarvistir strax.

Skólasókn og leyfisreglur á íslensku

Attendance and Leave Regulations in English

Zasady uczęszczania do szkoły i zezwoleń w języku polskim

Forföll nemenda og leyfisbeiðnir.

Leyfisbeiðnir nemenda:

Foreldrar geta sótt um leyfi fyrir nemendur í gegnum Minn Mentor eða með því að fylla út eyðublað á heimasíðu skólans. Umsjónarkennarar geta veitt leyfi í allt að tvo daga, en lengri leyfi þarf að sækja um hjá skólastjóra.

Tengill á beiðni um leyfi fyrir nemendur

Stoðþjónusta

Skólaheilsugæsla

Heilsugæsla

Heilsugæsla heyrir undir Heilsugæslu Hlíðasvæðis. Skólahjúkrunarfræðingur er Anna María Guðnadóttir, og er hún með viðveru á fimmtudögum og föstudögum kl. 8:30–11:00. Hægt er að ná í hana í síma 553-2590 eða á netfangið isaksskoli@heilsugaeslan.is. Skólaheilsugæslan sinnir fræðslu, reglubundnum skoðunum og bólusetningum fyrir nemendur í 1. og 4. bekk, auk heilbrigðisfræðslu, hvatningar og forvarna gegn óhollustu. Foreldrar eru hvattir til að leita eftir ráðgjöf hjúkrunarfræðings varðandi heilsu og vellíðan barna.

Helstu þjónustupættir:

- **Skoðanir og bólusetningar:** Reglubundnar skoðanir á nemendum í 1. og 4. bekk.
- **Heilbrigðisfræðsla:** Skipulögð fræðsla um heilbrigða lífshætti.
- **Veikindi og slys:** Fyrsta hjálp veitt í skólanum við minniháttar slys.

Nánari upplýsingar má finna [hér](#).

Farsæld barna

Ný lög um samþætta þjónustu í þágu farsældar barna (nr. 86/2021) hafa tekið gildi á Íslandi. Þessi lög varða öll börn og ungmenni á aldrinum 0–18 ára og hafa það markmið að tryggja börnum og foreldrum aðgang að samþættri þjónustu við hæfi án hindrana. Samþætt þjónusta í þágu farsældar barns er skipulögð og samfelld, með áherslu á að skapa heildarsýn og tryggja samvinnu milli þjónustukerfa sem skipta máli fyrir farsæld barna.

Markmið laganna:

- Að stuðla að velferð og farsæld barna með samþættri og aðgengilegri þjónustu.
- Að tryggja að þjónustan sé veitt án hindrana og í samræmi við þarfir barnsins.
- Að skapa heildarsýn yfir þjónustukerfi sem hafa áhrif á velferð barna.

Tengiliður Skóla Ísaks Jónssonar: Fanney Hanna Valgarðsdóttir, fagstjóri sérkennslu.
Netfang: fanney@isaksskoli.is

Nánari upplýsingar um lögin og samþætta þjónustu má finna á heimsíðu um **farsæld barna**.

Forvarnarteymi

Forvarnarteymi Skóla Ísaks Jónssonar

Forvarnarteymi Skóla Ísaks Jónssonar hefur það hlutverk að tryggja fræðslu og forvarnir gegn kynbundnu og kynferðislegu ofbeldi og áreitni innan skólans. Teymið vinnur að því að skapa öruggt og styðjandi umhverfi fyrir nemendur og starfsfólk.

Helstu hlutverk og verkefni teymisins:

- **Fræðsla og kennsla:** Teymið tryggir að kennsla um kynbundið og kynferðislegt ofbeldi og áreitni fari fram í öllum árgöngum skólans. Kennslan er sniðin að aldri og þroska nemenda og hefur það markmið að efla vitund þeirra um málefnið og styrkja þá í að greina og verjast ofbeldi.
- **Samhæfð viðbrögð:** Teymið vinnur að því að tryggja samræmd og markviss viðbrögð starfsfólks þegar nemendur greina frá ofbeldi eða áreitni. Þetta felur í sér að starfsfólk fái leiðbeiningar um hvernig best sé að bregðast við frásögnum nemenda.
- **Stuðningur og ráðgjöf:** Forvarnarteymið veitir kennurum og öðru starfsfólki stuðning og ráðgjöf um fræðslu og umræðu um kynbundið og kynferðislegt ofbeldi og áreitni. Teymið stuðlar einnig að viðunandi þekkingu og þjálfun starfsfólks á þessu sviði.
- **Þekkingaraukning:** Teymið vinnur að því að tryggja að starfsfólk skólans hafi þekkingu og færni til að fræða nemendur um þessi viðfangsefni og bregðast við **aðstæðum á réttan hátt**.

Ábyrgðaraðilar teymisins: **Ábyrgðaraðilar forvarnarteymisins eru skólastjóri og skólaskrifstofa.**

Meðlimir teymisins:

- Anna María Guðnadóttir, hjúkrunarfræðingur
- Fanney Hanna Valgarðsdóttir, þroskaþjálfari
- Ómar Farooq Ahmed, stuðningsfulltrúi
- Þóra Elísabet Kjeld, verkefnastjóri/kennari
- Saga Ólafsdóttir, sálfræðingur við Vesturmiðstöð

Nánari upplýsingar um forvarnarteymi og aðgerðir gegn kynbundnu og kynferðislegu ofbeldi má finna á **[hér](#)**.

Sérkennsla

Heildaráætlun um sérstækan stuðning við nemendur með sérþarfir

Í skólanum eru 278 nemendur, þar af 76 í 5 ára deild og 202 í 1.-4. bekk. Einkunnarorð skólans eru: starf, háttvísi, þroski og hamingja. Skólinn starfar í anda skóla án aðgreiningar og fylgir lögum um grunnskóla og leikskóla. Lögð er áhersla á þátttöku allra nemenda.

Móttaka og sérkennsla:

- Sérkennsla er veitt nemendum með sérþarfir, bæði tímabundið og lengur eftir þörfum.
- Umsjónarkennarar, fagstjórar og sérkennarar vinna saman með foreldrum að skipulagi sérkennslu.

Skipulag sérkennslu:

- Sérkennslan fer fram innan bekkjar eða í sérkennslustofum og miðar að því að mæta náms- og félagslegum þörfum nemenda.

Mat á þörfum:

- Greiningar og skimanir eru notaðar til að meta og veita viðeigandi stuðning í námi. Niðurstöður prófa eru nýttar til að laga námsumhverfið að þörfum nemandans.

Teymisvinna og ráðgjöf:

- Skólinn starfar með teymum í kringum nemendur, þar á meðal nemendaverndarráð og lausnateymi. Foreldrar, kennarar og sérfræðingar koma að málum í teymisvinnu.

Nánari upplýsingar um heildaráætlun skólans um stuðning, próf og skimanir má finna á heimasíðu Skóla Ísaks Jónssonar **hér**.

Móttökuáætlun fyrir nemendur með fjölbreyttan tungumála- og menningarbakgrunn

Fjöiltyngdir nemendur

Þegar nýr nemandi með fjölbreyttan tungumála- og menningarbakgrunn kemur í Skóla Ísaks Jónssonar hefur umsjónarkennari samband við foreldra. Nemandinn kemur í skólaheimsókn eða viðtal þar sem farið er yfir námslega stöðu, tungumálabakgrunn, skólalag, heimanám og aðlögun. Prófið „Á milli mála“ er lagt fyrir af sérkennara til að meta stöðu í íslensku og ákvörðun tekin um stuðning. Hugrún Tanja Haraldsdóttir er fagstjóri fjöltyngdra nemenda.

Nánari upplýsingar um móttökuáætlunina má finna **hér**.

Áætlanir Skóla Ísaks Jónssonar

Eldvarnar- og rýmingaráætlun:

Skólinn hefur unnið áætlun um eldvarnir og rýmingu til að tryggja öryggi allra innan skólans. **Skoða hér.**

Viðbrögð við óveðri:

Skólinn hefur mótað skipulag til að bregðast við óveðrum og tryggja öryggi nemenda og starfsmanna. **Sjá hér.**

Viðbragðsáætlun Almanavarna:

Almannavarnir hafa útbúið áætlun fyrir heimsfaraldur influensu. **Sækja skrá**

Móttökuáætlun fyrir nemendur af erlendum uppruna:

Þessi áætlun miðar að því að aðstoða nemendur af erlendum uppruna við að aðlagast skólasamfélaginu. Sjá hér

Áfallaáætlun Skóla Ísaks Jónssonar:

Áætlun um viðbrögð skólans við áföllum til að styðja nemendur og starfsfólk. Sjá hér

Áætlun gegn einelti nemenda og starfsmanna:

Skólinn vinnur markvisst gegn einelti með sérstakri áætlun fyrir nemendur og starfsfólk. **Skoða hér** fyrir nemendur og hér fyrir starfsmenn.

Áætlun um móttöku nýrra starfsmanna:

Skólinn hefur mótað áætlun til að tryggja að nýir starfsmenn aðlagist og fái stuðning við sín störf. Sjá hér.

Jafnréttisáætlun fyrir Skóla Ísaks Jónssonar:

Skólinn hefur unnið jafnréttisáætlun sem leggur áherslu á jafnan rétt allra, óháð kyni, aldri, kynþætti, trú, kynhneigð eða félagsstöðu. **Skoða hér.**

Símenntunaráætlun:

Skólinn vinnur að árlegri símenntunaráætlun til að tryggja stöðuga þekkingu og fræðslu starfsmanna. **Skoða hér.**

Handbók um velferð og öryggi barna í grunnskólum:

Handbók um velferð og öryggi barna, útbúin af mennta- og menningarmálaráðuneytinu og Sambandi íslenskra sveitarfélaga. **Skoða hér.**

Umbótaáætlun:

Áætlun unnin út frá innra mati skólans með það að markmiði að bæta starf skólans. **Skoða hér.**

Heildaráætlun um sérstakan stuðning

Áætlun sem styður við nemendur með sérþarfir. **Skoða hér.**

Stefnur Skóla Ísaks Jónssonar

Jafnlaunastefna

Markmið um jöfn laun og jafnrétti í launaákvörðunum. **Skoða hér,**

Mannauðsstefna

Stefna um mannauðs- og starfsmannahald skóla. Skoða hér,

Persónuverndarstefna

Vinnsla og öryggi persónuupplýsinga nemenda og starfsmanna. Skoða hér.

Umhverfisstefna

Skólinn vinnur markvisst að umhverfisvernd og sjálfbærni. Skoða hér.

Læsisstefna

Stefna skólans um læsi sem leggur áherslu á fjölbreyttar aðferðir. Skoða hér.

Aðrar upplýsingar

Opnunartími skólans

- Skólinn er opinn á mánudögum og fimmtudögum: 7:30 – 17:00
- Föstudaga: 7:30 – 16:15

Opnunartími skrifstofu

Skrifstofa skólans er opin alla skóladaga frá kl. 8:00 til 16:00.

Frístund Skóla Ísaks Jónssonar

- Sunnuhlíð: Fyrir nemendur í 1. – 4. bekk
- Sólbrekka: Fyrir nemendur í 5 ára deildum

Opnunartími frístundar

- Mánudaga til fimmtudaga: 7:30 – 17:00
- Föstudaga: 7:30 – 16:15

Mötuneyti

Hádegismatur í Skóla Ísaks Jónssonar

Hádegismatur og ávaxtastund:

- Hádegisverður er pantaður hjá Krúsku, sem leggur áherslu á hollan og fjölbreyttan mat fyrir nemendur.
- Skólinn er ekki með eiginlegt mötuneyti en kennarar og stuðningsfulltrúar sjá um að gefa nemendum hádegismat í heimastofum þeirra.
- Á hverjum degi rétt fyrir kl. 10:00 fá nemendur ávaxtastund og koma með ávöxt eða grænmeti að heiman.
- Hádegismatur fyrir nemendur á aldrinum 6-9 ára er gjaldfrjáls samkvæmt ákvörðun yfirvalda.
- Nemendur sem eru í frístund koma með hollt og gott eftirmiðdagsnesti að heiman.

Fæðisgjald fyrir 5 ára börn utan Reykjavíkur er kr. 16.415 á mánuði.

Nánari upplýsingar um matseðil má finna **hér**.

Frístundaheimilið Sunnuhlíð

Sunnuhlíð er frístundaheimili fyrir börn í 1.-4. bekk. Markmiðið er að skapa öruggt og þroskandi umhverfi fyrir börn eftir að skóla lýkur, með áherslu á leik, félagslega færni og virðingu fyrir öðrum og umhverfinu.

Opnunartími

Sunnuhlíð er opin frá kl. 07:30-08:30 á morgnana og eftir að skóla lýkur frá kl. 14:10-17:15

Frístundarstarfið miðar að því að efla félagslega hæfni, sjálfstæði og ábyrgð barnanna. Það leggur áherslu á sköpun, lýðræðislega þátttöku og virka þátttöku í leik og starfi.

Starfsfólk

Helga Ægisdóttir er umsjónarmaður frístundar. Hún vinnur í nánun samstarfi við starfsfólk og foreldra til að tryggja gott starf og samræmi í starfinu.

Nánari upplýsingar er að finna **hér**.